


Brúarásskóli

Sjálfsmatsskýrsla 2013-2014


Annað árið í röð voru kannanir gerðar í gegnum Skólapúlsinn sem leggur fyrir kannanir í fjölda skóla á Íslandi og því hægt að bera Brúarásskóla saman við aðra skóla í svipaðri stærð. Nemendakannanir eru lagðar fyrir í október og apríl (6.-10. bekkur), foreldrakönnun í mars og starfsmannakönnun í apríl. Marktækur munur er gefin upp í könnunum og telst munur upp á 0,5 lítill munur, 1,0 er töluverður munur, 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Nemendakönnun

Nemendakönnun Brúarásskóla kemur mjög vel út eins og sést á yfirliti hennar. Allir nemendur 6. – 10. bekkjar tóku þátt. Einblínt var á virkni nemenda í skólanum, líðan þeirra og skóla- og bekkjaranda. Niðurstöður beggja kannana sýna að hvað varðar virkni í skóla eru nemendur yfir landsmeðaltali (lmt.) í öllum þáttum. Þar hafa nemendur styrkst í trú á eigin vinnubrögðum í námi en það var einn liður í úrbótaáætlun síðasta vetrar (sjá mynd).



Nemendur Brúarásskóla mælast talsvert jákvæðari en landsmeðaltal í öllum þáttum sem snúa að líðan og heilsu, nema þegar spurt er um mataræði, þar sem skólinn er -0,2 stigum undir, sem telst samt lítill munur. Nemendur hafa þannig marktækt mikla ánægju af lestri (6,1 en lmt. er 5,0) og gott sjálfsálit (6,5, lmt. 5,1), Sérstaka athygli hlýtur þátturinn hreyfing en þar er skólinn töluvert hátt yfir í samanburði við aðra skóla og hefur hækkað umtalsvert frá síðustu mælingu eins og hér sést á mynd.



Í matsþættinum skóla- og bekkjarandi eru Brúarássnemendur einnig yfir í öllum þáttum og þátturinn agi í tímum skorar hátt, eða 5,9 (lmt. 5,1).


Þeir þættir sem matsnefnd finnst rétt að skoða í framhaldinu eru mataræði og eineltisþátturinn. Sá þáttur er undir landsmeðaltali (4,7 miðað við 5,1) en stendur nánast í stað frá síðustu könnun og er rétt við meðaltalið sem okkur finnst ekki viðunandi. Þegar skoðaðar eru niðurstöður eru það spurningar um baktal og hvort nemendur segi særandi orð hver við annan sem liggja þar að baki. Það þurfum við að taka fyrir í framhaldinu.

Foreldrakönnun


Í foreldrakönnuninni var lögð áhersla á að kanna skoðanir foreldra á námi og kennslu, velferð nemenda, aðstöðu og þjónustu, foreldrasamstarfi og heimastuðningi. Svarhlutfall var 100%.

Ánægja foreldra með matsþáttinn nám og kennslu í skólanum er töluvert yfir landsmeðaltali í öllum þáttum sem er mjög gott. Þar má til dæmis nefna mikla ánægju foreldra með nám og kennslu (7,0 miðað við lmt. 4,9), sjá mynd.


1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum*



Einnig telja 95,8% foreldra að námsefni sé hæfilega þungt (lmt. 83,2%), og 100% að skólanum sé vel stjórnað. 91,7% foreldra telja aga í skólanum og fjölbreytni í námsmati hæfilegt (lmt. rúmlega 75%). Sama er upp á teningnum hvað varðar velferð nemenda. Ánægja foreldra er mjög mikil í öllum þáttum og sérstaklega gaman að fullt hús er hjá foreldrum varðandi líðan nemenda almennt (sjá mynd) og sömuleiðis líðan nemenda í kennslustundum. Einnig telja 95,8% foreldra að börnum þeirra líði vel í frímínútum (lmt. 89,6%).



Foreldrar eru geysilega ánægðir með aðstöðu í skólanum (2,9 stigum yfir meðaltali), og ánægja með sérkennslu og stuðning er 100%. Í tengslum við þann þátt kemur tíðni stuðnings og sérkennslu og þar mælumst við undir meðaltali sem er vissulega ekki raunin og því þarf að huga betur að upplýsingaflæði til foreldra varðandi þann þátt. Foreldrar eru 100% ánægðir með matinn í mötuneytinu (sjá mynd) og er það 22,7% yfir landsmeðaltalinu og afskaplega jákvætt.




Þættir varðandi foreldrasamstarf koma einnig vel út, 83,4% foreldra eru ánægðir með upplýsingaflæði um stefnu skólans (lmt. 69,4%) og 100% foreldra sáttir eftir síðasta foreldraviðtal. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlana og mikilvægi þeirra eru talsvert minni en hjá öðrum skólum en

báðir þættir hafa þó hækkað frá fyrra ári.

Í síðasta matsþættinum sem kannar heimastuðning kemur skólinn lakast út. Þar eru nokkrir þættir á meðaltali s.s. virkni foreldra og vilji nemenda til að leita til foreldra sinna eftir hjálp, en trú foreldra á eigin getu, tími sem foreldrar aðstoða og ekki síst væntingar foreldra um menntunarstig barna sinna eru allir undir meðaltali. Taka verður þó fram að allir þessir þættir hafa hækkað frá síðasta ári og sérstaklega væntingar foreldra um menntun (sjá mynd). 92% foreldra finnst heimavinna barnanna hæfileg.

5.6. Væntingar foreldra um menntunarstig barns síns*




Starfsmannakönnun

Fyrri hluti könnunarinnar náði til allra starfsmanna skólans. Þátttökuhlutfall var 92,9%. Þar var almennur hluti og svo kannað viðhorf til skólans.

Úr almennum spurningum sem koma heilt yfir vel út vekur athygli að starfsfólkið er að eldast (83,3% yfir fertugt, samanborið við 68,2% á landsvísu) og hlutfall háskólamenntaðra er minna, það gæti eitthvað útskýrst af samreknum skóla að almennir starfsmenn séu fleiri en gengur og gerist. En allar kennarastöður eru mannaðar lærðum kennurum. Einnig kemur spurning um starfsmannaviðtöl einkennilega út, hér fara allir í slíkt viðtal einu sinni á ári en fimm svara því neitandi. Þetta gæti skýrst af því að starfsmannaviðtölum var ekki lokið þegar könnunin er tekin og starfsmenn líta einungis til þáverandi skólaárs.


1.2. Hlutfall starfsfólks 40 ára og eldra*



Í matsþættinum viðhorf til skólans (allir starfsmenn) eru allir þættir vel yfir meðaltalinu en hafa þó lækkað lítillega frá fyrra ári. Starfsandi er góður (6,9 stig á móti 4,7 í lmt.), mikil ánægja með upplýsingastreymi (6,8 miðað við 4,9 í lmt.)

Seinni hluti könnunarinnar náði eingöngu til kennara. Þær niðurstöður eru góðar í heildina þótt sumir þættir hafi lækkað lítillega frá fyrra ári en aðrir hafa hækkað. Meðalstarfsaldur kennara við skólann er 9 ár, og starfsaldur þeirra í heild 15,7 ár að meðaltali. Kennarar Brúarásskóla eru ánægðir í starfi (5,4 miðað við lmt. 4,9) og hafa trú á eigin getu (5,4 miðað við lmt. 4,8). Þeir eru enn fremur mjög ánægðir með faglegan stuðning skólastjóra (6,4 miðað við lmt. 5,0). Spurningar um mat og endurgjöf á vinnu kennara koma betur út en síðast en skólinn er þó enn aðeins undir meðaltali (60% miðað við 62,2%). Það var einn liður í úrbótaáætlun síðasta árs.

6.1. Umfang mats og endurgjafar



Valddreifing við ákvarðanatöku (6,6 miðað við lmt. 4,8) og samvinna um skólaþróun og umbætur (6,6 miðað við lmt. 4,9) koma sérstaklega vel út. Einnig hefur hækkað milli ára endurgjöf frá skólastjórnendum. Símenntun kennara virðist minni heldur og gengur og gerist og helst í hendur við hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun sem er einnig undir meðallagi (50% miðað við lmt. 60%). Ástæður virðast helst vera kostnaður og að ekki séu áhugaverðir kostir í boði.

Úrbótaáætlun 2013-2014

Þeir þættir sem stefnt var að því að styrkja voru trú nemenda á eigin vinnubrögðum, forvarnir gegn einelti, reynt að efla væntingar foreldra til barna sinna og auka umfang mats og endurgjafar hjá kennurum.

Þetta var gert með því að styrkja nemendur með sjálfskoðun í lífsleikni sem og eflingu forvarna um einelti og átaki í skipulagi á frímínútum til að forðast árekstra nemenda. Í því skyni var farið af stað með Vinaliðaverkefnið sem byggir á stjórnun nemenda sjálfra á skipulögðum leikjum í frímínútum. Almenn ánægja reyndist með þetta verkefni og því verður haldið áfram.

Rætt var við foreldra um mikilvægi náms varðandi framtíð einstaklinga og hvernig allir eiga að stefna að einhverju og láta drauma sína rætast.

Varðandi endurmat jók skólastýra endurgjöf til kennara varðandi kennslu og spennandi verkefni bæði

formlega og óformlega.

Allir þeir þættir sem settir voru inn í úrbótaáætlun síðasta árs mældust betur veturinn á eftir, sumir töluvert, aðrir minna. Það sýnir sig að vinnan sem lögð hefur verið í þau atriði skilar árangri og haldið verður áfram að vinna að þeim.

Árangur nemenda í leik og starfi

Nemendur skólans tóku þátt í ýmsum verkefnum og keppnum skólaárið 2013-14. Almennt er mikil áhersla lögð á að hvetja ungdominn í að taka þátt í því sem um er að vera og áhugi þeirra er mikill.

Nemendur 7. bekkjar tóku þátt í Stóru upplestrarkeppninni og Mikael Helgi Ernason varð í þriðja sæti lokahátíðar norðursvæðis Austurlands sem haldin var á Egilsstöðum.

Brúarásskóli átti þrjú lið í STÍL, keppni í fatahönnun á haustdögum á Egilsstöðum og tvö þeirra hrepptu fyrsta og þriðja sæti keppinnar. Öll lið skólans kepptu svo í STÍL-keppninni á Samaust á Hornafirði og fyrstu verðlauna lið Lára Snædal Boyce, Friðu Pálmars Lárusdóttur Snædal og Guðnýjar Eddu Guðmundsdóttur lenti þar í þriðja sæti. Lára fór svo og keppti í lokakeppninni í Hörpunni í Reykjavík og stóð sig með miklum sóma og vakti athygli þar sem hinar liðsstúlkurnar áttu ekki heimangengt með henni.

Skólinn átti líka sex keppendur af ellefu í Samfellu, söngvarakeppni á Egilsstöðum og nemendur vöktu almenna athygli fyrir skemmtilegan flutning og fallega framkomu þótt ekki kæmust þeir í úrslit.

Nemendur 7. bekkjar tóku þátt í tilraunakeppni Ævars vísindamanns á RÚV og urðu í 3. sæti í bekkjarkeppninni.

Lið Brúarásskóla tók þátt í Skólahreysti annað árið í röð og stóð sig með þrýði þótt þau væru langt frá verðlaunapalli.

Skólinn sendi tvö lið í First Lego tæknikeppnina í Háskólabíói í Reykjavík í janúar, drengja- og stúlknalið af unglingastigi. Drengirnir stóðu sig vel og urðu í fjórða sæti í brautinni, en stúlkurnar urðu stigahæstar í brautinni og unnu keppnina í heild sinni. Þær unnu sér með því inn þátttökurétt í Opna First Lego meistaramótinu á Spáni. Þangað fóru þær í maílok, urðu í 84. sæti í braut (af 96 liðum) og voru tilnefndar til tveggja verðlauna, Gracious Professionalism og Team Spirit.

Úrbótaáætlun 2014-2015

Það sem þarf að vinna í næst er fyrst og fremst það að eineltisþátturinn hefur ekki minnkað eins mikið og við vildum. Nemendur nefndu oftast baktal og særandi orð, sem stefnt er að því að taka fyrir í vetur með fræðslu bæði fyrir nemendur og foreldra. Einnig með einstaka verkefnum og með því að efla enn frekar vinaliðaverkefnið. Enn má gera betur varðandi endurgjöf til kennara og með tilkomu sérkennara sem kemur á tveggja vikna fresti gefst gott tækifæri til að ræða og meta það sem unnið var að síðustu vikur. Einnig ætlar skólastjóri að að efla enn frekar endurgjöf. Heimastuðningur, mataræði og virkni foreldra í námi barna sinna eru þættir sem unnið verður með í samstarfi við foreldrafélagið og reynt að styrkja þá með fræðslu og einnig með því að vinna fleiri verkefni í skólanum sem byggjast á einhverju samstarfi við foreldra.